

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 15. TBL.

4. DESEMBER 2009

Þemavika og foreldraskemmtun í Hvaleyrarskóla

Í morgun var sýning og skemmtun í Hvaleyrarskóla í lok þemaviku í skólanum. Þar var sýndur afrakstur af margvíslegri vinnu nemenda frá þessari viku. Þar gaf að líta tré með listaverki (laufblaði) eftir alla nemendur skólans þar sem hvert og eitt þeirra var einstakt (líkt og nemendur skólans). Í stofum og á göngum gaf því að líta margvísleg listaverk og sköpun nemenda. Þá voru reglulega sýningar á sal þar sem nemendur komu fram, sungu og dönsuðu. Þá voru 10. bekkingar með kaffisölu í fjóröflunarskyni. Myndirnar eru frá Hvaleyrarskóla í morgun.



Syngjandi jól á morgun í Hafnarborg



Skólaþróun

Minnt er á söngskemmtunina **Syngjandi jól** sem verður í Hafnarborg á morgun, laugardag 5. desember kl. 9.40-18.40. Kórar frá Áslandsskóla, Hvaleyrarskóla, Lækjarskóla, Setbergsskóla og Öldutúnsskóla syngja auk fjölda annarra kóra í Hafnarfirði.

Dagskrá **Syngjandi jóla** má sjá á vef bæjarins (Forsíða > auglýsingar).

Myndir er af Kór Öldutúnsskóla á Syngjandi jólum 2008 og kórstjórnunum Brynhildi Auðbjargadóttur.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is>



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 30. nóvember 193. fundur:

- Kynnt hugmynd um Tómsundabilinn og lagt fram bréf frá áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskóla þar sem hugmyndin er studd.
- Kynntar niðurstöður dómnefndar um úrslit hönnunar á leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Hamranesi.
- Lagt fram bréf frá námsráðgjöfum í Hafnarfirði um að haldin verði sameiginleg vinavika í grunnskólum Hafnarfjarðar næsta skólaár. Tekið jákvætt í hugmyndina og henni vísað til skólastjóra til umsagnar.
- Kynnt drög að nýrri lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjörð. Fræðsluráði falið að gera tillögu að umsögn á næsta fundi ráðsins.
- Lagt fram bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um nýsamþykkt íslenska málstefnu.
- Lagðar fram þrjár nýjar reglugerðir um skólamála.


Tilkynning vikunnar

Munið að fara í Hafnarborg á morgun á **Syngjandi jól kl. 9.40-18.40** og kíkja svo á Jólaborpið á Thorsplani (opið kl. 13-18).

**Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
11. desember 2009**

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá **Námsgagnastofnun**: Árlegt jóladagatal stofnunarinnar er komið á vefinn. Það hefur að geyma stærðfræðipraut fyrir hvern skólalag í desember fram til jóla. Gefur kennurum möguleika á öðru vísi nálgunum í stærðfræði þessa dagana. Vefslóð: <http://www.nams.is/jol2009/>. **Sproti 2b**, kennslubók í stærðfræði á yngsta stigi er komin út, bæði nemendabók og æfingahefti. Kennarabókin kemur fljótlega inn á vefinn. **Hitt og þetta - íslenska sem annað mál** er kennslubók í íslensku fyrir nemendur á unglingsstigi sem hafa annað móðurmál en íslensku. Bæði hægt að panta hjá Námsgagnastofnun og prenta út sjálfur (pdf). Allir textar bókarinnar eru einnig lesnir inn sem hljóðbók sem hægt er að hlaða niður á vef Námsgagnastofnunar.



Menntarannsóknir og skólastarfi

Tímarit um menntarannsóknir var að koma út og er það 6. árgangur. Það kynnr greinar um rannsóknir á skólastarfi leik- og grunnskóla auk þess að birta ritdóma og rýni á rannsóknarskýrslum. Í tímaritinu eru sjö fróðlegar skýrslur/rannsóknir á íslensku skólastarfi úr ýmsum áttum og um margvísleg efni, s.s. starfsvettvang tónlistarkennara, enskukennslu í grunnskólum, um stærðfræðikennslu og viðhorf leikskólakennara til umhyggju.

Eldri útgáfur af tímaritinu er hægt að hlaða niður af vefnum á pdf-sniði (sjá vefslóðina hér neðar).

Tímarit um menntarannsóknir (TUM) er gefið út af Félagi um menntarannsóknir (FUM) og er vettvangur fyrir rannsóknarritgerðir og fræðilega umfjöllun um menntamál. Tímaritinu er ætlað að höfða til fagfólks og fræðimanna af breiðu sviði þ.á.m. félagsvísindum, hagfræði og sagnfræði.

VEFSLÓÐ: <http://www.fum.is/timarit/utgafa031.htm>

Nýtt myndasafn sérstaklega fyrir skólastarfi

Mulberry myndasafnið er nýtt myndasafn fyrir skólastarfi. Því er ætlað að gegna svipuðu hlutverki og myndasöfn í Boardmaker forritinu. Þ.e að færa fagfólki skóla einfaldar myndir sem nýtast í margvíslegum kennslutígangi, s.s. í myndrænar stundatöflur og kennsluverkefni sem snúa að daglegu lífi og raunfærniþjálfun. Aðgangur að safninu er frír

og hefur safnið verið í þróun í nokkur ár. Þá er heitið loforði um að þróa vefinn áfram fyrir þarfir skólastarfs. Núna eru um 1000 myndir komnar í myndasafnið.

Tilvalið til að skoða og sjá hvernig hægt er að nýta sér í skólastarfinu. Kest skráningar.

VEFSLÓÐ: <http://straight-street.com/>



Vefhornið

